

# 68. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að hausti
## Bolungarvík 6.-7. október

Þingforseti

Jón Páll Hreinsson

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Varaþingforseti og ritarar

**Varaþingforseti**

Ólafur Þór Ólafsson

**Ritarar**

Steinunn Ása Sigurðardóttir og

Guðrún Anna Finnbogadóttir

# Dagskrá

**Föstudagur 6. október**
09:30 Skráning
09:50 68. Fjórðungsþing sett að nýju.
Kosning þingforseta og ritara
10:00 Ávarp formanns FV
10.15 Ávörp gesta
10:30 Framlagning þingmála, fyrri umræða
Fjárhags- og starfsáætlun 2024
Ákvörðun um árstillag sveitarfélaganna á næsta starfsári
Laun og þóknun til stjórna og nefnda
Fjárhags- og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga
Fjárhags- og starfsáætlun, Vestfjarðastofu
Ályktanir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
Ályktanir þingfulltrúa
11:20 Þinghlé og hádegisverður
12:30 Umfjöllunarefni þingsins ***Umhverfi og ímynd Vestfjarða***
Frummælendur
Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis,orku og loftlagsráðherra
Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis
Björgvin Sævarsson, framkvæmdastjóri Yorth Group
Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Vestfjarðastofu
Anna Sigríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu
14:15 Kaffihlé
14:30 Pallborð
15.35 Hlé
15:45 Vinnustofa varðandi umfjöllunarefni þingsins og auk framlagðra ályktana þingsins sem tengjast viðfangsefninu
16:30 Þinghlé
Heimsóknir á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar
Kvöldverður í Félagsheimilinu Bolungarvík

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Dagskrá

**Laugardagur 7. október**

09:00 Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða
09:30 Nefndarstörf/vinnustofur
12:30 Afgreiðsla ályktana
  Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis (á ekki við)
  Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns (á ekki við)
  Kosning í fastanefndir (á ekki við)
  Breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga
13:30 Önnur mál löglega fram borin.

Þingslit áætluð 14.00

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Jóhanna Ösp Einarsdóttir
Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga

## Ályktanir frá 67. fjórðungsþingi að hausti:

- Ályktun um aukið samstarf í Velferðaþjónustu
- Ályktun um gerð svæðisskipulags
- Ályktun um notkun ásætuvarna
- Ályktun um gerð þjóðgarðs
- Ályktun um þararæktun
- Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr fiskeldissjóði
- Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi
- Ályktun um svæðisáætlun um sorp
- Ályktun um fjárögnun málaflokks fatlaðs fólks
- Ályktun um sauðfjárrækt og byggðaþróun
- Aflstöðin Vestfirðir

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Ályktun um aukið samstarf í Velferðaþjónustu

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10 september 2022 felur stjórn að skipa starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum 1. desember 2022.

Greinargerð: Starfshópurinn skal hafa til hliðsjónar ályktun Ísafjarðarbæjar um aukið samstarfs í velferðarþjónustu og vinnu félagsmálastjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægt er að kallað verði til fagfólk til að starfa með starfshópnum

## Ályktun um gerð svæðisskipulags

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta. Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða,þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðaþróun á Vestfjörðum til framtíðar

## Ályktun um notkun ásætuvarna

67. Fjórðungsþing haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 lýsir yfir áhyggjum sínum af notkun ásætuvarna sem innihalda koparoxíð á nótum í fiskeldiskvíum í fjörðum Vestfjarða. Í umsögnum Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar á umsóknum fiskeldisfyrirtækjanna um að fá að nota ásætuvarnir sem innihalda koparoxíð, er bent á að nauðsynlegt sé að leggja mat á langtímaáhrif slíkra ásætuvarna og að hugsanlega geti orðið um sammögnunaráhrif frá sjókvíaeldi innan sama vatnshlots. Jafnframt kemur fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar að áhrif af notkun slíkra ásætuvarna kunni að felast í uppsöfnun kopars í botnseti sem getur haft skaðleg áhrif á botndýralíf og ástand sjávar á tilteknum svæðum.

# Ályktun um gerð þjóðgarðs

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september skorar á umhverfis-, orkuog loftslagsráðherra að taka upp að nýju vinnu við stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum. Mikil tækifæri eru fólgin í stofnun þjóðgarðs. Markmið með þjóðgarði er að vernda og varðveita til framtíðar einstakt svæði sem inniheldur m.a friðlandið í Vatnsfirði og tvö náttúruvætti, Dynjanda og Surtarbrandsgil. Í drögum að friðlýsingarskilmálum sem lágu til umsagnar árið 2021 er sérstaklega tekið tillit til núverandi nýtingar innan svæðisins sem og nauðsynlegrar innviðauppbyggingar m.a. veglagningu um Dynjandisheiði. 67. Fjórðungsþing leggur áherslu á að ekki verði settar íþyngjandi takmarkanir við framtíðarorkuöflun innan marka þjóðgarðsins, viðhald og endurnýjun flutningslína raforku og orkumannvirkja verði ekki takmörkuð sem og uppbygging samgönguog fjarskiptamannvirkja, m.a. á Dynjandisheiði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Ályktun um þararæktun

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á matvælaráðuneytið að hraða sem mest vinnu við lagaumgjörð varðandi ræktun þara og þörunga til að hægt verði að hefja markvissa starfsemi í þessari atvinnugrein. Uppbygging greinarinnar líður fyrir að ekki sé til lagarammi utan um starfsemina, málið tilheyrir engri stofnun og því ekki hægt að gefa út starfsleyfi. Þara- og þörungarækt er öflug leið til að minnka umhverfisáhrif og er talin mjög góð mótvægisaðgerð í grennd við fiskeldi. Jafnframt er mikil þróun á heimsvísu í nýtingu þörunga sem bætiefnis, íblöndunarefnis og orkugjafa. Hér þarf að bregðast fljótt við svo fullkomin samlegð náist í þörungarækt og öðrum nytjum í fjörðum Vestfjarða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr fiskeldissjóði

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti 8.-10. september 2022 leggur til að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að ná sátt um skiptingu fjármuna sem nú renna til Fiskeldissjóðs milli fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum. Fyrir liggur samfélagssáttmáli um fiskeldi og sú sameiginlega sýn sveitarfélaga að fjármunir sem nú renna í fiskeldissjóð renni í A-hluta sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir hvernig þeirri skiptingu yrði háttað ef af yrði. Mikilvægt er að fiskeldissveitarfélög á Vestfjörðum leggi fram sameiginlega sýn þar um. Niðurstaða starfshópsins verði samþykkt af Fjórðungsþingi eða á aukaþingi samkvæmt samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambandsins. Öll fiskeldissveitarfélög skulu fá einn fulltrúa, en auk þeirra starfi starfsmaður frá Vestfjarðastofu með nefndinni

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir að háskólar landsins bjóði upp á fjölbreytt fjarnám. Framboð af fjarnámi á háskólastigi er breytilegt milli háskóla og hægt er að gera mun betur í þeim efnum. Einn af lærdómum Covid tímabilsins er sá að hægt er að kenna all flestar kennslugreinar í fjarnámi, með því að bjóða upp á sveigjanlegt nám með staðarlotum. Stærsti háskóli landsins, Háskóli Íslands er eftirbátur annarra háskóla á landinu þegar kemur að fjarnámi og gera þarf meiri kröfur til skólans hvað þetta varðar. Þá er jafnframt skorað á ríkisstjórnina að tryggja jöfnuð og uppræta aðstöðumun nemenda. Það er staðreynd að fjarnemar beri meiri kostnað af sínu námi en þeir nemendur sem búa nær sínum skóla, þar sem þeir greiða oft á tíðum fyrir lesaðstöðu og próftöku, sem aftur ýtir undir ójöfnuð. Auk þess sem staðarlotur eru tímafrekar og kostnaðarsamar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Ályktun um svæðisáætlun um sorp

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 8.-10. september á Patreksfirði leggur til við Vestfjarðarstofu að vinna svæðisáætlun um sorp fyrir alla Vestfirði. Svæðisáætlun verði samræmd stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum, unnin í takt við Earthcheck umhverfisvottunina og gildandi reglur.

# Ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8. og 10. september 2022 tekur undir ályktun aðalfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) frá 5. júlí s.l. og stjórnarfundar BsVest frá 1. september s.l. þar sem lýst er þungum áhyggjum af sívaxandi halla í rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks er samstarfsverkefni sveitarfélagana á Vestfjörðum og heldur utan um þá þjónustu sem veita á samkvæmt lögum 38/2018 lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Endurskoðaðar rekstarforsendur BsVest fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir halla á málaflokknum upp á kr. 195.000.000,- og mikilvægt er að bregðast nú þegar við þeim halla með auknu fjármagni frá ríkisvaldinu.

## Ályktun um sauðfjárrækt og byggðaþróun

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur mikilvægt að stofnaður verði stýrihópur með aðkomu sveitarfélaganna, landshlutasamtaka, ríkis og hagaðila til að hlúa sérstaklega að þessum svæðum. Verkefni hópsins væri að móta sértækar aðgerðir til að auka fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins til að mæta því höggi sem sauðfjárræktin hefur orðið fyrir síðustu misseri. Með því móti er hægt að bregðast við yfirvofandi flótta úr stétt sauðfjárbænda með tilheyrandi fólksfækkun og afleiddum áhrifum hennar á svæðinu

## Ályktanir frá 67. fjórðungsþingi að hausti:

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8. – 10. september 2022 ályktar um mikilvægi þess að styrkja samkeppnisstöðu Vestfjarða með því að bæta samgöngur, fjarskipti og orkumál á svæðinu. Á fundi sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum og ríkisstjórnar Íslands þann 1. september sl. var lögð áhersla á að meginviðfangsefni svæðisins snúa öll að því að styrkja samkeppnisstöðu Vestfjarða til búsetu, sem áfangastað ferðamanna og til fjárfestinga og atvinnustarfsemi. Ítrekað er að kröfur Vestfirðinga um innviðaúrbætur eru eingöngu til að samkeppnisstaða svæðisins jafnist á við önnur svæði á landsbyggðunum. Bent er á að markmið Byggðaáætlunar 2022-2036 eru að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Þar er jafnframt tekið fram, í takt við ákvæði laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, að sérstök áhersla skuli lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun og einhæft atvinnulíf.

Fjórðungssamband
Vestfirðinga



# Takk fyrir

Fjórðungssamband Vestfirðinga



## Ávörp gesta

Heiða Björg Hilmarsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga



## Ávörp gesta

Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri, Sambands íslenskra sveitarfélaga


Tillögur fjárhagsnefndar
Baldur Smári Einarsson

# Tillaga um laun stjórnar og nefnda

**68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, haldið 6. til 7. september 2023**

- Stjórnarformaður: 9% af gildandi þingfararkaupi í mánaðarlaun (kr 124.130) og 2% (kr 27.584,-) af þingfararkaup fyrir aðra fundi en stjórnarfundi.
- Aðrir stjórnarmenn: 4,5% (kr 62.065) fyrir stjórnarfundi
- Formenn nefnda/ráða: 4,5% (kr 62.065) fyrir fund
- Fulltrúar nefnda/ráða: 3% (kr 41.377) fyrir fund

Gildandi þingfararkaup þann 1. júlí 2023, er kr. 1.379.222,- var 1. júlí 2022 kr 1.345.582.

# Tillaga um árstillag sveitarfélaga til Fjórðungssambands Vestfirðinga á grundvelli 7. gr samþykkta

| | Íbúar 1. janúar 2023 | Tillaga um árstillag 2024 | Heildarframlög sveitarfélaga 2024 | Íbúar 1.jan.23 | Árstilag 2023 pr. íbúa | Heildarframlög sveitarfélaga 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| **Reykhólahreppur** | **242** | **5.800,24 kr.** | **1.403.659 kr.** | 242 | 5.624,07 kr. | 1.361.025 kr. |
| **Vesturbyggð** | **1182** | **5.800,24 kr.** | **6.855.888 kr.** | 1182 | 5.624,07 kr. | 6.647.649 kr. |
| **Tálknafjarðarhreppur** | **268** | **5.800,24 kr.** | **1.554.465 kr.** | 268 | 5.624,07 kr. | 1.507.250 kr. |
| **Bolungarvík** | **997** | **5.800,24 kr.** | **5.782.843 kr.** | 997 | 5.624,07 kr. | 5.607.196 kr. |
| **Ísafjarðarbær** | **3864** | **5.800,24 kr.** | **22.412.143 kr.** | 3864 | 5.624,07 kr. | 21.731.400 kr. |
| **Súðavíkurhreppur** | **235** | **5.800,24 kr.** | **1.363.057 kr.** | 235 | 5.624,07 kr. | 1.321.656 kr. |
| **Árneshreppur** | **47** | **5.800,24 kr.** | **272.611 kr.** | 47 | 5.624,07 kr. | 264.331 kr. |
| **Kaldrananeshreppur** | **116** | **5.800,24 kr.** | **672.828 kr.** | 116 | 5.624,07 kr. | 652.392 kr. |
| **Strandabyggð** | **428** | **5.800,24 kr.** | **2.482.504 kr.** | 428 | 5.624,07 kr. | 2.407.101 kr. |
| | | | | | | |
| | **7379** | | **42.800.000** | 7.379 | | 41.500.000 |
| **Breyting frá fyrra ári** | | **176,18 kr** | **1.300.000** | | | |

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Fjórðungssamband Vestfirðinga - fjárhagsáætlun 2024

| | Byggðaþróun, atvinnu og nýsköpunarmál. | Sóknaráætlun | Rekstur skrifstofu | Fjárhagsáætlun 2024 | Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023 | Fjárhagsáætlun 2023 | Ársreikningur 2022 | Mismunur fjárhagsáætlunar 2024 og endurkoðaðar áætlunar 2023 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | |
| Framlög ríkissjóðs | 30.000.000 | 98.000.000 | | **128.000.000** | 166.300.000 | 103.500.000 | 170.314.752 | -38.300.000 | -23,0% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 11.200.000 | 48.000.000 | **59.200.000** | 51.600.000 | 44.600.000 | 46.902.267 | 7.600.000 | 14,7% |
| Framlag Byggðastofnunar | 0 | | | **0** | 0 | 41.900.000 | 41.890.942 | 0 | |
| Framlög sveitarfélaga | 12.800.000 | | 30.000.000 | **42.800.000** | 41.500.000 | 41.500.000 | 39.500.012 | 1.300.000 | 3,1% |
| Aðrar tekjur | | | 5.000.000 | **5.000.000** | 10.000.000 | 10.000.000 | 2.404.121 | -5.000.000 | 50,0% |
| Umframgreiðsla styrkja Uppbyggingarsjóðs innan ársins | | 0 | | **0** | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Ónotaðir styrkir færðir frá fyrra ári | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | 0 | 24.283.718 | 0 | |
| Ónotaðir styrkir til næsta árs | | | | | | 0 | -40.075.000 | 0 | |
| Vaxtatekjur | | 150.000 | 350.000 | **500.000** | 800.000 | 200.000 | 974.627 | -300.000 | -37,5% |
| Niðurfelldur styrkur Byggðaáætlun C1 /2019 | | | | | 0 | | 0 | 0 | |
| | 42.800.000 | 109.350.000 | 83.350.000 | **235.500.000** | 270.200.000 | 241.700.000 | 286.195.439 | -34.700.000 | -12,8% |
| | | | | | | | | 0 | |
| Lífeyrisskuldbinding | | | 220.000 | **220.000** | 200.000 | 170.000 | 4.735.462 | 20.000 | 10,0% |
| Framlag til Vestfjarðastofu | 12.800.000 | 22.200.000 | 71.000.000 | **106.000.000** | 94.700.000 | 134.000.000 | 133.398.084 | 11.300.000 | 11,9% |
| Áhersluverkefni | | 32.850.000 | | **32.850.000** | 39.600.000 | 30.000.000 | 45.200.000 | -6.750.000 | -17,0% |
| Greiddir styrkir | 0 | 54.300.000 | 0 | **54.300.000** | 54.150.000 | 54.150.000 | 67.100.000 | 150.000 | 0,3% |
| Niðurfelldir styrkir Uppbyggingarsjóðs | | | | **0** | 0 | | | 0 | |
| Niðurfelld verkefnaframlög Byggðaáætlunar | | | | **0** | | | 0 | 0 | |
| Aðkeyptir verktakar / þjónusta | 0 | | 2.000.000 | **2.000.000** | 9.000.000 | 0 | 258.251 | -7.000.000 | 22,2% |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | | 0 | 0 | **0** | 0 | 2.500.000 | 13.175.560 | 0 | |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta aðgerðir Byggðaáætlun | 30.000.000 | | | **30.000.000** | 53.600.000 | 0 | 16.857.451 | -23.600.000 | -44,0% |
| Annar skrifstofukostnaður | 0 | | 4.000.000 | **4.000.000** | 4.500.000 | 3.500.000 | 1.907.139 | -500.000 | -11,1% |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | | | | **0** | | 0 | 168.593 | 0 | |
| Önnur gjöld | | | 5.000.000 | **5.000.000** | 10.000.000 | 10.000.000 | 1.050.121 | -5.000.000 | -50,0% |
| Vaxtatekjur/(vaxtagjöld) sölutap hlutafjár | | | | | | | 0 | 0 | |
| | 42.800.000 | 109.350.000 | 82.220.000 | **234.370.000** | 265.750.000 | 234.320.000 | 283.850.661 | -31.380.000 | -11,8% |
| | | | | | | | | 0 | |
| Rekstrarniðurstaða | 0 | 0 | **1.130.000** | **1.130.000** | 4.450.000 | 7.380.000 | 2.344.778 | -3.320.000 | -74,6% |

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Fjárhags og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024

# Tekjur – skipting árstillags sveitarfélaga á deildir

Gerð er tillaga um að framlag (árstillag) fyrir árið 2024 nemi **42,8 mkr,** sem er hækkun er nemur **1,3 mkr frá árstillagi 2023**.

Tillagan felur í sér að framlagið verði skipt sem hér segir á rekstrardeildir;

- Byggðaþróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 12,8 mkr hækkun um 500 þkr. Framlagið er tvískipt, 7,8 mkr sem er stuðningur sveitarfélaga við atvinnu og byggðaþróun, tillaga er um að framlagið **hækki um 500 þkr** frá árinu 2023. Síðan er tillaga um óbreytt framlag frá árinu 2023, 5 mkr, framlag til reksturs Umhverfisvottunar sveitarfélaga Earth Check.

- Rekstur skrifstofu, samtals 30,0 mkr og hækki um 800 þkr. Tillaga er um að árstillag sveitarfélaga til markaðsmála verði óbreytt frá árinu 2023, 7,7 mkr. Tillaga er um að árstillag til menningarmála verði óbreytt 9,9 mkr. Að lokum er tillaga um árstillag til rekstur skrifstofu, verði 12,4 mkr, og **hækki um 800 þkr** en hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Fjárhags og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024.

## Gjöld – ráðstöfun til verkefna Vestfjarðastofu

Tillaga að áætlað framlag nemi 106 mkr og hækkar það um **11,3 mkr** og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- **Byggðaþróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 12,8 mkr. Hækkun um 500 þkr,** 7,8 mkr renni til að vinna að verkefnum um atvinnu og byggðþróun. 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfisvottun sveitarfélaga.
- **Sóknaráætlun.** Framlag til reksturs 22 mkr, skiptist á þrjú verkefni, rekstur Sóknaráætlunar Vestfjarða nemi 11 mkr, sértæk verkefni Sóknaráætlunar 6,2 mkr og **tímabundið framlag til stefnumörkunar Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029, 5 mkr**. Samtals nemi framlag 22,2 mkr sem er hækkun um 5 mkr.
- **Rekstur skrifstofu FV.** Alls 71 mkr hér er tillaga um **hækkun um 5 mkr** til að koma á móts við launa og verðlagshækkanir.
- Óbreytt framlag til **markaðsmála 7,7 mkr** að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.
- Óbreytt framlag **menningarmála.** tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Fjárhags og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024.

# Samantekt

**Rekstrartekjur.**

Rekstrartekjur er alls áætlaðar **235,5 mkr** og lækka um 34,7 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

**Rekstargjöld**

Rekstrargjöld eru alls áætluð um **234,4 mkr** og lækka um 31,4 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023

**Rekstarniðurstaða.**

Rekstarniðurstaða lækkar um 3,3 mkr en er jákvæð um 1,1 mkr af reglulegri starfsemi, en jákvæð rekstarniðurstaða 4,4 mkr í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 byggir á leiðréttingu á ofgreiddum styrkjum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Takk fyrir

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Ályktanir

# Ályktun um orkumál – Vestfirðir úr biðflokk í verkefnaflokk

Þingskjal nr. 6

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, harmar þá erfiðu stöðu sem orkuskortur á Vestfjörðum hefur nú um áratuga skeið, hindrað eðlilega framþróun atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir á einróma samþykkt þingsályktunar Alþingis frá 2018 að setja Vestfirði í forgang í raforkumálum. Byggði ályktunin á greinargerðum Landsnets og skýrslum starfshópa um afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Í ályktun Alþingi kemur fram að Vestfirðir verði líkt og aðrir landshlutar eigi síðar en árið 2030 með hringtengt flutningskerfi eða ígildi þess.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur því, að nú að fimm árum liðnum frá ákvörðun Alþingis að setja Vestfirði í forgang, þá liggi allar forsendur málsins nú fyrir. Krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stjórnvöld taki fyrir lok árs 2023 þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að umbylta flutningsmálum raforku og framleiðslu raforku innan Vestfjarða.

Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um gerð loftlagsstefnu



68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð Loftslagsstefnu fyrir Vestfirði. Loftslagsstefnan verði hluti af svæðiskipulagi sem markar m.a. meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða. Stefnan, ásamt markmiðum um samdrátt í losun og aukningu í kolefnisjöfnun og tilsvarandi aðgerðaáætlun, verði einn af lyklunum að sjálfbærri þróun á Vestfjörðum. Loftslagsstefnan verði unnin í samræmi við aðra áætlanagerð í umhverfismálum, eins og t.d. svæðisáætlun um úrgang.

Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

# Ályktun – Samgöngur út frá ímynd Vestfjarða



68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 bendir á að markmið stjórnvalda í samgöngumálum eru jákvæð en verulega vanfjármögnuð.

Fjórðungsþing beinir því til stjórnvalda að auka þegar á árinu 2023 fjármagn til vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum til að bæta ásýnd Vestfjarða til búsetu, fjárfestinga og heimsókna.

Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

## Ályktun um endurmat snjóflóðahættu

Þingskjal nr. 9

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. -7. október 2023, skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fjármálaráðherra að leita allra leiða til þess að flýta vinnu við að endurmeta hættu á snjóflóðum þar sem þegar hafa verið byggðar snjóflóðavarnir. Fjórðungsþing minnir á upphaflegt hlutverk Ofanflóðasjóðs um verndun byggða og flokkun og nýtingu hættusvæða.

Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

# Ályktun um samfélag – menningu og menntun



68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 hvetur Alþingi og ráðuneyti til að standa vörð um Sóknaráætlanir landshlutanna og tryggja verulega meira fjármagn til þeirra en gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og Fjármálaáætlun 2024-2028.

Fjármögnun menningarstofnana og viðburða í héraði á sér að mestu stað í gegnum fjármagn úr Sóknaráætlunum til Uppbyggingasjóða landshlutanna. Það fjármagn hefur rýrnað mikið síðustu ár og útlit fyrir að það rýrni enn meira á næstu árum.

Miklu máli skiptir fyrir sjálfsmynd íbúa að unnt sé að halda úti metnaðarfullum mennta- og menningarstofnunum og fjölbreyttum viðburðum á Vestfjörðum. Í gegnum menningu er sérstaða svæðisins, íbúa þess og sérkenni staða dregin fram bæði fyrir íbúa og gesti.

Menningu má kalla límið í hverju samfélagi og gildi þess að hægt sé að hafa stærstu söfn opin allt árið, að menningarviðburðir séu í boði er ótvírætt bæði fyrir íbúa og gesti.  Áningarstaðir sem byggja á menningu geta eins og dæmin sýna um land allt haft mikið aðdráttarafl allt árið um kring og styðja þannig jafnframt markmið um dreifingu ferðamanna um landið og lengingu ferðamannatímabilsins.

Flutningsmenn: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um Menntastefnu Vestfjarða



68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6-7. október 2023 ályktar um fyrirliggjandi drög að Menntastefnu Vestfjarða sem send verða sveitarfélögum til umfjöllunar að loknu Fjórðungsþingi.

Einn helsti drifkraftur þróunar á Vestfjörðum er þekkingarstig íbúa svæðisins. Aukin menntun er forsenda nýsköpunar og vaxtar í samfélaginu, hún eflir og bætir lífsgæði og afkomu íbúa.

Þau drög að menntastefnu sem nú eru til umfjöllunar innihalda metnaðarfulla framtíðarsýn sem sveitarfélögin á Vestfjörðum sammælast um að innleiða og nýta við mótun skólastefnu fyrir hvert sveitarfélag og leggja í þeim til aðgerðir sem styðja við framtíðarsýn, leiðarljós og markmið Menntastefnu Vestfjarða.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti beinir því jafnframt til mennta- og barnamálaráðuneytis, háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að nýta og styðja við Menntastefnu Vestfjarða við mótun aðgerða og stefnumótun í viðeigandi málaflokkum.

**Greinargerð:**

Drög að Menntastefnu Vestfjarða.

Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

# Tillaga að breytingu samþykkta FV - Ungmennaráð

Þingskjal nr. 12

Við samþykktir FV bætist við ný grein, 16. gr. Ungmennaráð og ungmennaþing. Þær greinar sem á eftir koma breyta um númer í samræmi.

**„16. gr. Ungmennaráð og ungmennaþing**

Á vegum Fjórðungssambandsins er árlega haldið ungmennaþing. Þingið fer fram einu sinni á ári, að hausti til. Á þinginu er kjörið ungmennaráð Vestfjarða, sem starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn FV. Ráðið er kjörið til eins árs í senn og á þinginu er kjörinn einn aðalmaður og einn varamaður úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Kjörgeng eru þau sem verða 13-18 ára á árinu sem þingið fer fram og eiga lögheimili á Vestfjörðum.

Ráðið fundar þrisvar sinnum á ári hið minnsta, þar af einn staðfundur. Á fyrsta fundi ráðsins skal ráðið skipta með sér verkum.

Stjórn FV setur ungmennaráði erindisbréf

Flutningsmaður: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppur

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um Súðavíkurgöng

Þingskjal nr. 13

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, ályktar að næstu göng á Vestfjörðum, verði Súðavíkurgöng.

**Greinargerð**

Súðavíkurhlíð er augljós farartálmi og skapar mikið hættuástand á hverjum vetri. Slys hafa orðið á þessum vegi og það er tímaspursmál hvenær alvarlegt slys verður þar. Með göngum til Súðavíkur, er suðurleiðin um Djúp fær oftar en nú er, að því gefnu að vetrarþjónusta á Steingrímsfjarðarheiði verði efld.

Fyrir utan öryggi íbúa og vegfaranda, eru miklir hagsmunir fólgnir í því að klára þessi göng, því uppbygging fiskeldis og aukin flutningur eldisafurða, sem og annars varnings, mun þá geta treyst á suðurleiðina um Djúp.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum

Þingskjal nr. 14

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík  6-7 október 2023, skorar á stjórnvöld að mæta þeirri mismunum sem sveitarfélög á Vestfjörðum og víðar á landsbyggðinni standa frammi fyrir, hvað varðar ljóðleiðaravæðingu minni sveitarfélaga.

**Greinargerð**

Ríkið seldi á sínum tíma grunnnetið til einkaaðila, sem í dag ákvaða; a) í hvaða sveitarfélögum ljósleiðari skuli lagður í hús, íbúum að kostnaðarlausu og b) að í minni sveitarfélögum úti á landi, verði ljósleiðari ekki lagður ókeypis í hús.  Þarna er kostnaði varpað á íbúa minni sveitarfélaga af þessum þjónustuaðilum.  Minni sveitarfélög á landsbyggðinni, sem áður höfðu tryggingu fyrir aðgerðum sem fólust í eignarhaldi ríkisins á grunnnetinu og þeirri þjónustu sem það veitti, standa nú frammi fyrir verulegum kostnaðarauka til að komast til jafns við stærri sveitarfélög hvað ljósleiðaravæðingu í hús varðar.  Þetta er mismunun sem ríkið þarf að leiðrétta.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum

Þingskjal nr. 15

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, varar stjórnvöld við þeirri þróun sem virðst vera að festast í sessi á Íslandi, þar sem viðvarandi fækkun stöðugilda í heilbrigðisþjónustu, niðurskurður á fjármagni til bráðaaðila og tækjakaups, sem og umræða um sameiningar þjónustusvæða sem fela í sér fækkun lækna, hjúkrunarfólks og heilbrigðisstarfsmanna, verða augljós afleiðing.  Á sama tíma fagna stjórnvöld aukinni og gjaldeyrisskapandi ásókn ferðamanna til Íslands og þar með aukinni umferð um vegi landsins.  Vitað er að Vestfirðir hafa hingað til fengið sáralítinn hluta þess fjölda ferðamanna sem sækja Ísland heim á hverju ári og má þar nefna að gistinætur á Vestfjörðum eru aðeins um 4% af fjölda gistinátta á Íslandi.  Á sama tíma er því spáð að á næstu árum verði Vestfirðir ofarlega við val á áfangastað meðal ferðamanna.  Það fer ekki saman að hvetja til aukinna heimsókna ferðamanna, aukinnar  umferðar um misjafnlega góða og örugga vegi, á sama tíma og skorðið er niður til innviðauppbygginar, heilbrigðisþjónustu og löggæslu á Vestfjörðum, sem og víða á landsbyggðinni.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að viðurkenna það ósamræmi sem felst í þessum aðgerðum sínum og snúa þeirri þróun við.  Ótalin er að auki sá ávinningur sem fælist í eflingu heilbrigðisþjónustu og löggæslu fyrir íbúa þessa svæðis, sem í dag búa við annað aðgengi og oft á tíðum mun minna öryggi en víða annars staðar.  Traust heilbrigðiskerfi væri ein meginforsenda þess að fólk flytti búferlum til Vestfjarða.  Traust heilbrigðiskerfi styður við alla atvinnuuppbyggingu og skapar forsendur fyrir vöxt.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um fjarveru þingmanna á þingmannafundi

Þingskjal nr. 16

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, harmar mjög þá staðreynd, að vegna fjarveru vel flestra þingmanna var ekki hægt að halda þingmannafund í kjördæmaviku, daginn fyrir helsta viðburð stjórnsýslunnar á Vestfjörðum; Fjórðungsþing.

**Greinargerð:**

Fjórðungsþing er sá vettvangur þar sem saman koma á einum stað, einu sinni á ári, lang flestir fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þarna eru kjörnir fulltrúar, framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, starfsmenn þeirra og nefndarmenn. Þarna fer fram á hverjum tíma sú umræða sem tekur á helstu álitamálum, helstu og mikilvægustu hagsmunamálum fjórðungsins og þarna á sér stað mikilvæg grasrótarumræða. Það er því sérlega slæmt fyrir eðlileg samskipti og hagsmunaumræðu þingmanna, sem jú eru fulltrúar kjósenda kjördæmisins og þeirra sem vinna við að efla hag sveitarfélaganna, að aflýsa þurfi þingmannafundi vegna fjarveru þingmanna.

Fjórðungsþing skorar á þingmenn að hugleiða þessa stöðu og tengsl sín við grasrótina og stjórnsýslu Vestfjarða.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun - Tillaga um að málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis verði rædd á haustþingi



Á vorþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 12.apríl 2023 var samþykkt að á haustþingi verði rædd málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða með það að markmiði að efla starfsemi eftirlitsins til að gera því kleift að sinna öllum þeim skyldum sem á eftirlitinu hvíla.

Þá er sérstaklega horft til umhverfiseftirliti og hreinsunar lóða og lenda til að unnt sé að fylgja eftir að fjarlægja númerslausar bifreiðar, brotajárnshauga og annað sem safnast hefur upp á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Stjórnsýslan í kringum ferilinn að fjarlægja númerslausar bifreiðar er orðin viðamikil og flókin og telur Heilbrigðisnefnd Vestfjarða nauðsynlegt að bæta við starfsmanni hjá eftirlitinu til að annast þennan málaflokk svo sómi sé að. Slík ráðning kallar á aukið fjármagn frá sveitarfélögunum og því nauðsynlegt að ræða málefni Heilbrigðiseftirlitsins á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Í fundargerð Heilbrigðisnefndar frá 07.09.2023 sem send hefur verið öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum kom fram í greinargerð með fjárhagsáætlun rökstuðningur fyrir því að bæta við starfsmanni hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Þar kemur fram að fyrirsjáanlegt er að eftirlitið kemst ekki yfir þau verkefni sem það á að sinna samkvæmt lögum með núverandi mönnun.

Úr greinargerð: „Í fjárhagsáætlun 2024 er lagt til að starfsmenn heilbrigðiseftirlits verði 3. Starfsmannaþörf eftirlitsins samkvæmt fyrirtækjaskrá er 1770 einingar, með núverandi starfsmannafjölda höfum við til ráðstöfunar 1320 einingar, með viðbótarheilbrigðisfulltrúa verða virkar vinnustundir við eftirlit 1782.“ Jafnframt var lagt til að gjaldskrá verði endurnýjuð og innheimtu breytt.

Hér með er tillaga frá vorþingi lögð fram að nýju ásamt fylgigögnum og óskað eftir samþykki Fjórðungsþings að málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis verði rædd á þinginu í samhengi við aðra umfjöllun um umhverfi og ímynd Vestfjarða þannig að tryggt sé að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.

Flutningsmaður: Lilja Magnúsdóttir, Tálknafirði

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um fiskeldi



68. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 lýsir yfir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að auka fjármagn til rannsókna á áhrifum fiskeldis á lífríkið og til miðlunar fræðslu um umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjókvíaleldis á Íslandi.

Á undanförnum árum hefur sjókvíaeldi byggst upp á Vestfjörðum og með þeirri uppbyggingu hefur orðið algjör viðsnúningur í atvinnulífi og byggðaþróun á Vestfjörðum. Byggðir sem áður töldust vera deyjandi samfélög eru nú farnar að blómstra og bjartari framtíð blasir við íbúum Vestfjarða. Mikilvægt er að sjókvíaeldið fái að þróast og að þekking á eldinu verði bætt með auknum rannsóknum og aukinni fræðslu um áhrifin af þessari nýju atvinnugrein sem er að skjóta rótum á Íslandi.

Flutningsmaður: Kristján J Guðmundsson

# Ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó



68. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 fagnar tillögum um að leggja fiskeldissjóð niður sem samkeppnissjóð, en skorar jafnframt á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptingu af gjaldi vegna fiskeldis í sjó með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.

Með lögum nr. 89/2019 lögð á gjaldskylda vegna fiskeldis í sjó og er þar rekstrarleyfishöfum fiskeldisstöðva gert að greiða gjald í ríkissjóð sem nemur allt að 3,5% af meðaltali alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi. Ráðstöfunarfé Fiskeldissjóðs er ákveðið á fjárlögum og hefur hingað til verið miðað við að 1/3 gjaldsins renni í Fiskeldissjóðs sem síðan útlutar styrkjum til innviðaverkefna í fiskeldissveitarfélögum. Álagning gjaldsins er á grundvelli magns slátraðs eldisfisks hverju sinni.  Ljóst má vera að skipting þessa gjalds, þar sem nú fer 1/3 þess til sveitarfélaganna í gegnum Fiskeldissjóð, er ekki sanngjörn því verið er að nýta staðbundnar náttúruauðlindir með tilheyrandi þörf á stækkun innviða þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið er stundað. Því er skorað á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptinguna með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.

Flutningsmaður: Kristján J Guðmundsson

Fjórðungssamband Vestfirðinga

# Ályktun um gjald í jarðgöng



